

Sorpa bs
Gufunesvegi
112Reykjavík

Reykjavík, 1. desember 2021
UST202102-438/H.E.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 16.7.2021, hjá Sorpu GAJA.

Þann 16. júlí 2021 fór fram eftirlit í gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs. í Álfsnesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um umhverfisupplýsingar eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreinda samantekt. Grænt bókhald fyrir Sorpu fjallar ekki afmarkað um skráningar skv. grein 4.1 sem ná afmarkað yfir starfsemi GAJA. **Umbeðin gögn voru send Umhverfisstofnun þann 7. október sl. og telst frávikinu þar með lokað.**

2. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Mælingar á loftmengunarefnum ammoníaki, NH₃ eða lyktarstyrk skulu framkvæmdar tvisvar sinnum á ári. Niðurstöður úr slíkum mælingum fyrir fyrri hluta árs 2021 liggur ekki fyrir. **Rekstraraðili sendi inn tímasetta úrbótaáætlun þann 7. október sl. þar sem að fram kemur að gert sé ráð fyrir að mælar til að mæla stöðugt styrk NH₃ við hverja lífsúu verði komnir í notkun í lok árs 2021 eða byrjun árs 2022.**

Umhverfisstofnun samþykkir úrbótaáætlun varðandi frávik í 2. tölulið og óskar eftir að staðfesting um úrbæturnar í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 berist stofnuninni eigi síðar en 30. janúar 2022.

Virðingarfyllst

Halla Einarasdóttir
Teymisstjóri

Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur